

Marianna H. Helgadóttir

From: Sverrir Jónsson <sverrir.jonsson@fjr.is>
Sent: föstudagur, 24. apríl 2020 11:42
To: Marianna H. Helgadóttir
Cc: Þórunn Sveinbjarnardóttir; Pétur Jónasson (FJR); Sara Lind Guðbergadóttir
Subject: Atkvæðagreiðsla um kjarasamning

Til formanns Félags íslenskra náttúrufræðinga.

Í fréttatilkynningu á heimasíðu Bandalags háskólamanna þann 17. apríl sl. kemur fram að kjarasamningur Félags íslenskra náttúrufræðinga við fjármála- og efnahagsráðherra hafi verið felldur í atkvæðagreiðslu félagsmanna. Í tilkynningunni segir að 564 félagsmenn á kjörskrá hafi greitt atkvæði um samninginn. 265 félagsmenn hafi sagt já, 278 hafi sagt nei en 21 félagsmaður á kjörskrá hafi skilað auðu atkvæði.

Í ljósi þessarar tilkynningar vekur fjármála- og efnahagsráðuneyti athygli Félags íslenskra náttúrufræðinga á því að við talningu atkvæða í kosningu um gildi kjarasamnings ber að telja auð atkvæði þegar heildarfjöldi greiddra atkvæða er tilgreindur. Er sú framkvæmd í samræmi við niðurstöður Félagsdóms þar sem reynt hefur á gildi atkvæðagreiðslu.

Þegar hlutfall þeirra er kusu gegn samþykkt kjarasamningsins er vegið á móti heildarfjölda greiddra atkvæða nemur það einungis 49.3% og nær því ekki því hlutfalli sem tilskilið er í 3. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Þar segir: „ Þegar kjarasamningur hefur verið undirritaður af til þess bærum fulltrúum samningsaðila gildir hann frá undirskriftardegi sé ekki á annan veg samið, **nema hann sé felldur í leynilegri atkvæðagreiðslu með meirihluta greiddar atkvæða** og minnst fimmtungs þátttöku samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá innan fjögurra vikna frá undirritun.“

Með vísan til niðurstöðu dóma Félagsdóms þar sem reynt hefur á gildi atkvæðagreiðslu, sér í lagi dóms nr. 5/1988, er það mat fjármála- og efnahagsráðuneytis að niðurstaða atkvæðagreiðslunnar leiði til þess að kjarasamningurinn skoðist samþykktur frá undirskriftardegi, nema félagið sýni fram á aðra niðurstöðu með framlögðum gögnum um framkvæmd atkvæðagreiðslu, atkvæðaseðil og nákvæma niðurstöðu úr atkvæðagreiðslu.

Góðfúslega bregðist við erindinu eigi síðar en miðvikudaginn 29. apríl næstkomandi.

Afrit af erindinu er sent formanni Bandalags háskólamanna til upplýsinga.

F.h.r.
Sverrir Jónsson

Tilvísun í mál FJR19020137



Sverrir Jónsson, skrifstofustjóri / Director General
Kjara- og mannauðssýsla ríkisins / Personnel Policy Department
Fjármála- og efnahagsráðuneytið / Ministry of Finance and Economic Affairs
Arnarhvoli við Lindargötu, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 9200
www.fjarmalaraduneyti.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing